

Norrænn sköpunarkraftur - svar við áskorunum hnattvæðingar



Á fundi [menningarmálaráðherra Norðurlanda](#), sem haldinn var 29. október sl. í Helsinki, var samþykkt hnattvæðingaráætlun fyrir norrænt samstarf um menningarmál og fjölmiðla, þar sem menning verður sjálfstæður málaflokkur í norrænum hnattvæðingaraðgerðum sem forsætisráðherrar Norðurlanda hafa boðað. Sýnin er að norrænt menningarsamstarf tryggi, skapi og beri vott um gæði, sköpunarkraft og fjölbreytni í heilbrigðri og sjálfbærri hnattvæðingu. Markmiðið er að norræn list og menning verði sýnilegri á alþjóðavettvangi og hafi jákvæð áhrif þegar brugðist er við áskorunum hnattvæðingarinnar og tækifæri hennar nýtt.

Menningarmál eru mikilvægar stoðir í norrænu samstarfi. Í alþjóðlegri samkeppni eykst mikilvægi sköpunarkrafts, nýsköpunar, hönnunar sem og afurða og upplifana sem endurspeglar sérkenni þjóðanna. Að sama skapi gegna samræður þjóða og menningarheima æ stærra hlutverki. Því gættir sífellt meira sjónarmiða menningar og efnahagslífs þegar Norðurlöndunum er hampað sem aðlaðandi samstarfsaðila um heim allan. Nýtt skipulag norræns menningarsamstarfs gefur kost á að vekja markvisst og enn frekar þann áhuga á menningarlegum áskorunum og tækifærum hnattvæðingarinnar sem þegar einkennir norrænt samstarf. Menningarmálaráðherrarnir leggja áherslu á hnattvæðingu sem almennt markmið í norrænu menningarsamstarfi. Norrænu húsin, sjóðir, stofnanir, átlanir og samstarfshópar hafa unnið að tillögum að samstarfssviðum og aðgerðum í hnattvæðingaráætlun á menningarsviðinu. Með aukinni áherslu á hnattvæðingu í menningarmálum verður byrjað á þverfaglegum aðgerðum þar sem vænta má að norrænt samstarf skili meiri árangri en ella.

Fréttatilkynningu Norrænu ráðherranefndarinnar er að finna í heild sinni á [vef menntamálaráðuneytis](#).

Menningarbræðslan LungA 2007 tilnefnd til verðlauna

Landskrifstofa Evrópu unga fólksins hefur tilnefnt verkefnið [Menningarbræðslan LungA 2007](#) til verðlauna vegna Evrópsku ungmennavikunnar (European Youth Week) í Brussel 1.- 6. nóvember. Þetta er í fyrsta skipti sem verkefni frá Íslandi er tilnefnt til verðlaunanna.

Tveimur fulltrúum hátíðarinnar, Björt Sigfinnsdóttur og Sigríði Eir Zophoníasardóttur, hefur verið boðið til Brussel 1. nóvember næstkomandi til að taka þátt í Evrópsku ungmennavikunni. Þar verða kynnt verkefni frá 31 landi og í vikulok fer fram verðlaunaafhending. Menningarbræðsla LungA var haldin sumarið 2007 á Seyðisfirði og tóku rúmlega 130 ungmenni þátt frá 7 mismunandi löndum - Danmörku, Noregi, Finnlandi, Eistlandi, Þýskalandi og Hollandi, auk Íslands. Þátttakendum gafst kostur á að taka þátt í hinum ýmsu listasmíðjum sem voru svo bræddar saman í eina stóra lokasýningu. Krökkunum gafst færi á að tengjast í gegnum listina, prufa nýja hluti og kynna nýju fólk.

[Evrópa unga fólksins](#) - EUF (Youth in Action) er ungmennaáætlun Evrópusambandsins fyrir aldurshópin 13 til 30 ára með áherslu á aldurinn 15 til 25 ára. Með samningi við framkvæmdastjórn Evrópusambandsins ber menntamálaráðuneyti ábyrgð á framkvæmd áætlunarinnar hér á landi. Ráðuneytið gerði samning við Ungmennafélag Íslands um framkvæmdina og rekur UMFÍ landskrifstofu áætlunarinnar að Laugavegi 172.

LungA fékk alls 101.571 € eða 9.248.573 íslenskar krónur í styrk frá EUF í verkefnið.

Nánari upplýsingar má nálgast á [vef ungmennavikunnar](#).

Stuðningur við nemendur með annað móðurmál en íslensku

Lokið er úthlutun styrkja úr sjóði til íslenskukennslu í framhaldsskólum fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku á haustönn 2008. Alls sótti 21 skóli um styrki að þessu sinni og fengu þeir allir einhverja fyrirgreiðslu. Mest var sótt um styrki til stuðningskennslu en einnig til sérhæfðrar þjónustu svo sem túlkunar og vettvangsferða. Þá sækja skólar um styrki til skipulagningar nýrrar þjónustu við nemendahópinn og til að þjálfa kennara í að kenna nemendum sem eru af erlendu bergi brotnir.

Sótt var um stuðningskennslu fyrir 309 nemendur og hafa umsóknir aldrei verið fleiri. Auðséð er að íslenskir framhaldsskólar leggja sig fram um að auðvelda nýjum þegnum aðlögun að íslensku samfélagi.

Aldrei hafa fleiri nemendur útskrifast af háskólastigi á einu skólaári

Á [vef Hagstofu Íslands](#) kemur fram að á háskólastigi útskrifuðust 3.521 nemandi með 3.553 próf skólaárið 2006-2007. Aldrei hafa fleiri útskrifast úr námi á háskóla-stigi á Íslandi á einu skólaári síðan gagnasöfnun Hagstofu Íslands hófst árið 1995. Brautskráðum nemendum fjölgaði um 159, eða 4,7% frá árinu áður. Konur voru tveir þriðju (67,6%) þeirra sem útskrifuðust með próf á háskólastigi og karlar þriðjungur (32,4%) útskrifaðra.

Ekki hafa fleiri lokið meistaragráðu á Íslandi á einu skólaári til þessa eða 612 og fjölgaði um 201 frá fyrra ári, sem er fjölgun um 48,9%. Rúmlega tvöfalt fleiri luku meistaragráðu þetta ár en skólaárið 2004-2005, þegar 292 luku þessu námi.

Alls luku 10 doktorsprófi á skólaárinu, 4 karlar og 6 konur. Það eru 5 færri en árið á undan.

Flestar brautskráningar á háskólastigi eru vegna nemenda sem ljúka fyrstu háskólagráðu. Þær voru 2.505 talsins skólaárið 2006-2007, og hafa ekki áður útskrifast svo margir með fyrstu háskólagráðu á Íslandi. Brautskráningum með fyrstu háskólagráðu fjölgaði um 64 frá fyrra ári (2,6%), sem er talsvert minni fjölgun en undanfarin ár.

Vefslóðir ráðuneytisins með íslenskum stöfum

Nú er hægt að slá inn vefslóðir ráðuneytisins og nýrrar menntastefnu með íslenskum stöfum.

Slóðirnar eru: [menntamálaráðuneyti.is](#) og [nýmenntastefna.is](#)

